



## Fundargerð

1247. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12  
5. desember 2019, kl. 08:00

### Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Guðbrandur Einarsson, Gunnar Þórarinnsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét Ólöf A. Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Aðgengi heyrnarlausra í samskiptum - ósk um fjárstuðning (2019110304)

Ekki er hægt að verða við erindinu.

### 2. Starfsmannafundur í Stapa (2019110315)

Bæjarstjóri kynnti málið. Samþykkt með 3 atkvæðum meirihluta Samfylkingar, Framsóknarflokks og Beinnar leiðar að veita heimild til að greiða kostnað vegna starfsmannafundar sem haldinn verður á nýju ári. Tekið af bókhaldslykli 21-011. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Frjáls afls greiddu atkvæði á móti og Miðflokkurinn lýsti því yfir að hann væri mótfallinn að veita heimild.

### 3. Hluthafafundur Keilis (2019120005)

Fundarboð lagt fram. Bæjarráð felur Guðbrandi Einarssyni að fara með atkvæði Reykjanesbæjar á fundinum.

### 4. Vallarbraut 12 – heimild til niðurrifs (2019090700)

Bæjarráð samþykkir tilboð frá Ellerti Skúlasyni ehf.

### 5. Erindi vegna Víkingabraut 1 (2019120029)

Lagt fram. Erindi frestað. Bæjarstjóra falið að fá frekari upplýsingar.

### 6. Fundargerð verkefnastjórnar Stapaskóla 3. desember 2019 (2019110200)

Fundargerðin lögð fram. Minnihlutinn óskar eftir frekari upplýsingum um fjárhagslega stöðu verksins.

### 7. Umsagnarmál frá nefndarsviði Alþingis (2019050801)

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum (forsendur úthlutana úr Jöfnunarsjóði), 391. mál.

<https://www.althingi.is/altext/150/s/0524.html>

Umsagnarmál lagt fram.



---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:45

Gudlaug Einarsson  
Thauv Freddur Freddur  
M. Sander  
Gunnar Þórarinsson  
F. Einarsson